

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð stud. juris Halldórs Hallgríms Andrýssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 24. október 1929.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá
fyrir
Minningarsjóð stud. juris Halldórs Hallgríms Andrýssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður stud. juris Halldórs Hallgríms Andrýssonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.369,00 – þrettán hundruð sextíu og níu krónur – og er það gjöf vor undirritaðra hjóna, Andrésar Ólafsonar hreppstjóra á Brekku í Gufudalssveit og Guðrúnar Halldórsdóttur, til minningar um son okkar, stud. juris Halldór Hallgrím Andrýsson, er andaðist í Reykjavík 28. apríl 1924.

3. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og stendur undir stjórn Háskólaráðsins með þeim hætti, er hér segir á eftir.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í skuldabréfum Veðdeildar Landsbanka Íslands eða öðrum álíka tryggjum verðbréfum. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

5. gr.

Vextir af fé sjóðsins skulu allir leggjast við innstæðu hans fram til ársins 1934. Eftir þann tíma skal jafnan leggja við $\frac{1}{4}$ – einn fjórða – hluta af vöxtunum við innstæðu sjóðsins, en $\frac{3}{4}$ – þrír fjórðu – hlutar vaxtanna koma þá til útborgunar, samkvæmt því, er segir í næstu grein hér á eftir.

6. gr.

Þá $\frac{3}{4}$ – þrjá fjórðu – hluta vaxta sjóðsins, er til útborgunar koma, skal árlega veita einhverjum nemanda lagadeildar Háskólans til bókakaupa eða sem námsstyrk, og skal fara eftir tillögum kennara deildarinnar um það, hver hljóta skuli styrkinn í hvert sinn. Styrkinn skal greiða styrkþega hinn 28. apríl ár hvert, af vöxtum næsta árs á undan, í fyrsta sinni hinn 28. apríl 1934, þegar liðin eru 10 ár frá dánardegi Halldórs heitins. Þegar vextir sjóðsins, þeir er til útborgunar koma, nema meiru en kr. 500.00 – fimm hundruð krónum – á ári, má veita styrk til tveggja styrkþega í senn, og síðan má fjölga styrkþegum um einn í einu fyrir hverjar kr. 500.00 – fimm hundruð krónur – , sem árlegt úthlutunarfé sjóðsins hækkar um.

7. gr.

Reikninga sjóðsins skal birta árlega í Árbók Háskólans.

8. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðindanna.

Brekku í Gufudalssveit, 10. maí 1929.

Andrés Ólafsson.

Guðrún Halldórsdóttir